

## **Borgarstjórn**

### **3. nóvember 2020**

#### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um hækkun á úthlutaðri fjárhæð fyrir íslenskukennslu barna af erlendum uppruna**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að úthlutað verði að lágmarki 130 þ.kr. fyrir hvert barn sem fær rauða niðurstöðu á Milli mála málkönnunarprófi eins og skóla- og frístundaráð hefur lagt til. Í skýrslu innri endurskoðunar (2019) um úthlutun fjárhagsramma og rekstur kemur fram að börn af erlendu bergi brotin fá ekki næga aðstoð í íslensku vegna fjárskorts skóla. Á vorönn 2018 voru töluð 63 tungumál í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fjármagni er sérstaklega úthlutað til skólanna vegna kennslu barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Milli mála málkönnunarprófinu er ætlað að greina þörf fyrir stuðning við nám á íslensku. Niðurstöður eru flokkaðar í þrjá flokka; grænan, gulan og rauðan, og metið er að þau börn sem fá gula eða rauða niðurstöðu úr prófinu þurfi aðstoð. Á árunum 2018-2019 var úthlutun 107.600 kr. á hvern nemanda sem fékk rauða niðurstöðu og 36.000 kr. á nemanda sem fékk gula. Í fjárhagsáætlun 2019 var aukning um 10.544 kr. hækkun á hvert barn, sé miðað við þann fjölda nemenda sem þreytti slík próf á árinu 2018, óháð niðurstöðu prófa. Ljóst er að úthlutun í þennan málaflokk er vel innan við 130 þ.kr. fyrir hvern nemanda sem er á rauðu.

#### **Greinargerð:**

Í niðurstöðum Milli mála málkönnunarprófsins og úthlutun fjármagns á vor- og haustönn 2018 sem birt er í skýrslu innri endurskoðunar 2019 má sjá fjölda barna sem tóku prófið og hvernig skipting þeirra var milli flokka. Alls tóku prófið 2.294 nemendur. Rauða niðurstöðu fengu 1.997. Gula niðurstöðu fengu 327 og græna niðurstöðu fengu 170. Þess má geta að 45% af börnunum sem fengu rauða niðurstöðu eru fædd á Íslandi af erlendum foreldrum þannig að börnin hafa alist upp hér á landi en eru þrátt fyrir það svona illa stödd með íslenska tungu.

Börn af erlendu bergi brotin eiga oft erfitt uppdráttar á Íslandi. Þau kunna íslenskuna ekki nógu vel og þurfa meiri aðstoð við námið heldur en íslenskir bekkjarfélagar þeirra en fá jafnvel ekki næga aðstoð vegna fjárskorts skólans. Börnin sem hér um ræðir eru bæði börn kvótaflóttamanna og hælisleitenda. Þetta eru börn sem hafa oftast upplifað erfiða hluti í heimalandinu og leggja síðan í erfitt ferðalag til framandi lands. Það er að mörgu leyti haldið vel utan um þessi börn fyrsta árið. Þau fá þjónustu sálfræðinga og heilbrigðisstarfsmanna sem kostuð er af ríkissjóði. Umsækjendur um alþjóðlega vernd fá stuðning greiddan af ríkinu þann tíma þar til mál þeirra hafa verið afgreidd, en kvótaflóttamenn hafa fengið greiddan stuðning fyrsta árið eftir komu. Eftir það falla þau í sama flokk og önnur börn af erlendu bergi brotin í skólunum. Úthlutað er fjármagni úr potti vegna nemenda af erlendum uppruna.

Ef litið er til baka til 2017-2018 var 190,7 m.kr. úthlutað til þessa verkefnis og því skipt milli skóla. Nemendur á rauðu fengu það árið úthlutað 98.600 kr. og nemendur á gulu 32.650 kr. á hvern nemanda. En árið en 2018-2019 var úthlutun hækkuð lítillega, 107.600 kr. á hvern nemanda á rauðu og 36.000 kr. á hvern nemanda á gulu eins og að ofan greinir. Ljóst er að sú hækkun sem samþykkt var í fjárhagsáætlun 2019 til þessa verkefnis nær ekki þeirri upphæð sem skóla- og frístundasvið leggur til sem er 130 þ.kr. fyrir hvert barn sem fær rauða niðurstöðu. Börnin með gula niðurstöðu myndu samkvæmt tillögu skóla- og frístundasviðs fá hlutfall af þeirri fjárhæð og myndi þessi útfærsla koma í stað þeirra rúmu 190 m.kr. sem skipt er á milli skóla.

Það eru allir sammála um að gera þarf betur í móttöku barna af erlendum uppruna og í leik- og grunnskólastarfi. Borgaryfirvöld eru ekki að standa sig nægjanlega vel gagnvart börnum sem eiga foreldra af erlendum uppruna. Það er ekki nóg að taka við fólki, bjóða því að dvelja til langframa á Íslandi en sinna því síðan ekki sem skyldi. Það hlýtur að vera markmiðið að þau standi ekki hallari fæti en önnur börn þegar kemur að námi eða öðru sem þau kunna að vilja

taka sér fyrir hendur. Til að draumar þeirra geti ræst eins og annarra barna á Íslandi þarf margt að koma til svo sem faglegur stuðningur við starfsfólk og viðeigandi fjárveitingar.

Það liggur fyrir að til að læra mál þarf að heyra það sem oftast og mest. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til í borgarstjórn að fundnar verði fjölbreyttar leiðir til að tryggja að börn sem eru af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast til að auka líkur þeirra á að tileinka sér íslenskt mál sem fyrst. Þátttaka þeirra í umhverfi s.s. íþróttá- og tómstundastarfi þar sem töluð er íslenska skiptir sköpum.